

# Fundargerð 376. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, mánudaginn 24. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson í fjarveru Guðmundar Kristjánssonar.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Í byrjun fundar fékk Guðný Sverrisdóttir orðið og óskaði formanni til hamingju með sextugsafmælið fyrr á árinu og færði honum gjöf frá hafnasambandinu.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 375. fundar frá 22. maí sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

**2. Drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar - óskað umsagnar - 1508003HA**

Lögð fram drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar

*Birni, Ólafi og Má falið að útbúa fyrstu drög að umsögn og senda á stjórnina.*

**3. Innleiðing tilskipunar /52/EB um breytingu á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum - óskað umsagnar - 1507024HA**

Lagt fram bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 7. júlí 2015, þar sem óskað er eftir ábendingum um þau atriði sem þarfnast skoðunar eða breytinga við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Formanni falið að svara bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.*

**4. Aflagjald af eldisfiski - 1503014HA**

Lagt fram minnisblað sem Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, tók saman um tekjur sveitarfélaga af eldisfiski í Noregi og Færeyjum.

*Til kynningar. Starfsmanni falið að setja minnisblaðið á vefsíðu hafnasambandsins.*

**5. Hafnafundur 2015 - 1412012HA**

Lögð fram endanleg dagskrá hafnarfundar sem haldinn er 28. ágúst nk. í Hafnarfirði.

*Til kynningar.*

**6. Hafnarsamlag Norðurlands - samkeppnisstaða hafna - 1507005HA**

Lagt fram bréf frá Hafnasamlagi Norðurlands, dags. 19. júní 2015, um samkeppnisstöðu hafna og afslætti af hafnaþjónustu.

*Til kynningar.*

**7. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna - 1508017HA**

Lögð fram skýrsla sem ber heitið Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2014 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga vann fyrir hafnasambandið.

*Til kynningar.*

**8. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA**

Lögð fram fundargerð seinasta hafnasambandsþings vegna verkefna sem stjórn var falið að framkvæma.

*Starfsmanni falið að hefja undirbúning.*

**9. Starfsáætlun stjórnar 2015-2016 - 1501031HA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til júní 2016.

*Starfsáætlun stjórnar samþykkt.*

*21. september kl. 11:00, símafundur*

*23. október kl. 11:00, viðverufundur*

*16. nóvember kl. 11:00, símafundur*

*18. desember kl. 11:00, viðverufundur*

*18. janúar kl. 11:00, símafundur*

*19. febrúar kl. 11:00, viðverufundur*

*21. mars kl. 11:00, símafundur*

*22. apríl kl. 11:00, viðverufundur*

*19.-20. maí, vorkfundur*

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson